



SKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR **GEYSIR 2024**



Efnisyfirlit

NOKKUR ORÐ FRÁ FORMANNI NEFNDARINNAR	3
STARFANDI ÆSKULÝÐSNEFND GEYSIS ÁRIÐ 2024 ERU EFTIRFARANDI:	4
MARKMIÐ ÆSKULÝÐSSTARFS HJÁ GEYSI	4
REIÐNÁMSKEIÐ 2023/2024.....	5
ALMENNT NÁMSKEIÐ	5
HESTAMENNSKA MEÐ ÓLA OG ÖLMU.....	5
HESTAFIMLEIKAR.....	6
KEPPNISNÁMSKEIÐ	7
SUMARNÁMSKEIÐIN Í TRÆÐARÁSI.....	7
SUMARNÁMSKEIÐIN HJÁ MARTINU	7
HESTAFJÖR HJÁ THERESU	8
MÓTAHALD OG ÁRANGUR GEYSISFÉLAGA	9
LANDSMÓT 2024.....	10
.....	12
ÍSLANDSMÓT BARNA OG UNGLINGA 2024.....	12
BARNAFLOKKUR.....	13
UNGLINGAFLOKKUR.....	15
ÍSLANDSMÓT HJÁ UNGMENNUM	17
VIÐBURÐIR	18
LOKAORÐ OG FRAMTÍÐARSÝN.....	26

NOKKUR ORÐ FRÁ FORMANNI ÆSKULÝÐSNEFNDAR



Alma Gulla heiti ég og hef verið formaður æskulýðsnefndar í rúmt ár. Fyrir nokkrum árum var aukinn kraftur settur í æskulýðsmál félagsins sem kom meðal annars til vegna aukins stuðnings sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu við starfið og hefur það verið aðdáunarvert að sjá starfið vaxa og dafna og sjá áhugasama hestakrakka öðlast kjark og þor á hestbaki en ekki síður að fylgjast með þeim krökkum sem eru að ná gríðarlega góðum árangri í keppni á landsvísu. Þegar ég var beðin um að taka þetta starf að mér hikaði ég ekki enda hef ég lengi komið að æskulýðsstarfi félagsins en með öðrum hætti. Í mörg ár hef ég komið að námskeiðahaldi, kynnst ótal mörgum áhugasömum krökkum og séð hvað gott starf getur haft mikil áhrif.

Markmið nefndarinnar er að reyna að bjóða upp á sem fjölbreyttasta dagskrá fyrir alla krakka hér á félagssvæði Geysis þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi innan hestamennskunnar. Undanfarin ár hefur verið mikill vöxtur æskulýðsstarfs innan félagsins hvað varðar námskeiðahald og aðrar samkomur. Geysir er eitt dreifbýlasta félag landsins en það nær yfir þrjú sveitarfélög, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Ásahrepp. Sveitarfélögin hafa stutt vel við bakið á félaginu til að efla starfið enn frekar og erum við afar þakklát fyrir það.

Fleiri eiga þó hrós skilið þ.á.m. sjálfboðaliðar fyrir ómetanlega vinnu, foreldrar sem leggja mikið á sig að keyra börnum sínum í allskyns veðrum og keyra jafnvel langar leiðir til að sækja námskeiðin sem félagið býður upp á og svo er Geysir svo heppið að eiga aðgang að og fjölbreyttri flóru reiðkennara sem leggja sitt af mörkum til að efla starfið. Ekki má gleyma stjórninni sjálfri hjá Geysi sem heldur vel utan um alla viðburði og féлага sína. Félagið telur 905 féлага og 18 ára og yngri eru 337.

STARFANDI ÆSKULÝÐSNEFND GEYSIS ÁRIÐ 2024 ER EFTIRFARANDI:

- Alma Gulla Matthíasdóttir – Formaður
- Aníta Ólöf Jónsdóttir
- Ástríður Magnúsdóttir
- Heiðdís Arna Ingvarsdóttir
- Ólöf Guðbjörg Eggertsdóttir
- Sigríður Þyrí Þórarinsdóttir
- Þorgerður Guðmundsdóttir

MARKMIÐ ÆSKULÝÐSSTARFS HJÁ GEYSI

Geysir leggur metnað sinn í að öll börn 18 ára og yngri í Rangárvallasýslu standi til boða að stunda hestamennsku í einhverri mynd. Þess vegna er mikið lagt upp úr því að bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða. Félagar Geysis hafa ávallt staðið framarlega í keppni og er áhersla lögð á að halda áfram að byggja upp framtíðarknapi og er mikill hugur nefndarinnar og stjórnarinnar að styrkja enn betur afreksstarf félagsins.

Eins og hefur komið fram hefur verið mikil uppbygging í æskulýðsstarfi hjá Geysi og framboð námskeiða sífellt að aukast. Framboðið var sérstaklega mikið á síðastliðnu tímabili og aðsókn námskeiða náði metfjölda en um 150 börn og unglingar í Rangárvallasýslu sóttu námskeið. Félagssvæði Geysis er stórt en svæðið nær frá Þjórsá í vestri að Markárfljóti í austri og eru félagsmenn okkar því dreifðir yfir stórt svæði. Félagið hefur búið vel að því að hafa aðgang að reiðhöllum bæði á Hellu og Hvolsvelli sem og aðstöðu reiðkennara víðar um sýsluna.

REIÐNÁMSKEIÐ 2023/2024

ALMENNT NÁMSKEIÐ

Það hefur myndast góð hefð fyrir því að halda almenn reiðnámskeið hér á svæðinu þar sem börn á ólíkum stigum hestamennskunnar fá skemmtilega og faglega kennslu í að ná árangri á sínum forsendum. Hjörvar Ágústsson og Hanna Rún Ingibergsdóttir tóku að sér almenna hópakennslu fyrir börn á öllum aldri á Hellu og var 21 barn skráð til leiks. Námsfyrirkomulagið var þannig háttað að nemendum var skipt upp í hópa eftir aldri og getu og markmiðið að ná betri færni á eigin hesti.

Alma Gulla Matthíasdóttir tók að sér almenna hópakennslu á Hvolsvelli. 22 nemendur voru skráðir þar til leiks og voru nemendur frá 3 ára aldri upp í 13 ára. Námsfyrirkomulagið var að nemendum var skipt upp í 5 hópa eftir aldri og getu.

HESTAMENNSKA MEÐ ÓLA OG ÖLMU

Ólafur Þórisson og Alma Gulla Matthíasdóttir voru með námskeið með það að markmiði að bæta kjark, þor og jafnvægi í gegnum leik og starf. Áhersla var lögð á jafnvægisæfingar og stjórnun hestsins í gegnum þrautir og leiki og tóku kennararnir sjálfir þátt í ýmsum verkefnum með nemendunum. Kennsla fór fram aðra hvora viku. Hver og einn tími innihélt fjölbreytta afþreyingu svo sem: hindurnarstökk,



hestafótbolta, jafnvægisæfingar og smalaþrautir Námskeiðið var opið öllum aldurshópum og skipt var upp í hópa eftir getu og aldri. Lokamarkmið var að vera með sýningaratriði á 1. maí æskulýðssýningu félagsins sem tókst frábærlega eins og sjá má á myndunum. 11 nemendur sóttu námskeiðið og vakti það gríðarlega lukku.

HESTAFIMLEIKAR

Jónína Lilja Pálmadóttir fór af stað með nýjung hjá okkur í Geysi, fimleika á hesti. Vakti það gríðarlega lukku meðal félagsmanna. Frábær þátttaka var á námskeiðið og komust færri að en vildu. Nemendur voru á aldrinum 3-14 ára og voru alls um 60 þátttakendur. Í hestafimleikum koma saman krakkar sem hafa reynslu úr öðrum greinum hestamennskunnar og krakkar sem aldrei hafa stundað hestamennsku en allir mætast á jafningja grundvelli. Fyrir foreldra barna í öðrum greinum hestamennskunnar var rætt um að námskeiðið væri „*lúxus*“ námskeið að því leyti að hesturinn var tilbúinn á staðnum og því töluvert einfaldara að gera börnum kleift að stunda þessar æfingar án mikillar fyrirhafnar foreldra.



KEPPNISNÁMSKEIÐ

Mikill fjöldi krakka hjá Geysi stunda keppnishestamennsku og hefur gengið gríðarlega vel hjá þeim á landsvísu svo eftir er tekið. Í ár var haldið áfram með keppnisnámskeið þar sem markmiðið var að styðja við börn, unglinga og ungmenni sem hyggja á keppni og fá stuðning við að byggja upp keppnishestinn sinn ásamt því að koma vel undirbúinn í keppni, bæði knapi og hestur. 18 nemendur voru skráðir og var það Sigvaldi Lárus Guðmundsson sem sá um þetta námskeið þriðja árið í röð. Það var stórt ár með Landsmótið í Reykjavík fram undan og mikill metnaður knapa og kennara að koma vel undirbúin til leiks. Nemendur hittu reiðkennara aðra hvora viku frá febrúar til maí.

SUMARNÁMSKEIÐIN Í TRAÐARÁSI

Í þó nokkur ár hefur Alma Gulla boðið upp á skemmtilegt sumarnámskeið heima hjá sér á Traðarási. Góð þátttaka var á námskeið sumarsins. Hún býður börnunum að koma heim til sín frá 9-12 á daginn. Börnin koma með sína eigin hesta og búnað og lögð er áhersla á að ríða út, leika sér og hafa gaman. Hóparnir sem var boðið upp á í ár voru 8-9 ára og 10 ára og eldri. 20 nemendur sóttu námskeiðin og eru fjöldi krakka sem koma ávallt að ári.

SUMARNÁMSKEIÐIN HJÁ MARTINU

Martina býður börnum sem ekki hafa aðgang að hesti að koma á námskeið til sín og í samstarfi við Geysi býður hún upp á skemmtileg sumarnámskeið, annars vegar var hún með námskeið á Hvolsvelli þar sem 16 börn mætti og á Hellu komu 10 nemendur.

HESTAFJÖR HJÁ THERESU

Theresa hefur um árabíl boðið börnum í hesthús sitt á Hellu sem ekki hafa aðgang að hesti. Vorið 2024 sóttu alls 40 börn námskeið hjá henni og nú eru haustnámskeiðin hafin. Starf hennar er afar mikilvægt fyrir svæðið og félagið í heild sinni en þar gefst börnum tækifæri á að stunda hestamennsku þrátt fyrir að hafa ekki aðgang að hesti en Theresa leggur fram allt sem þarf, bæði hesta og búnað. Hestafjör hjá Theresu ýtir svo sannarlega undir nýliðun í hestamennsku.



MÓTAHALD OG ÁRANGUR GEYSISFÉLAGA

Mótahald var umfangsmikið að vanda, bæði á okkar félagssvæði sem og annars staðar. Við sjáum unga fólkið okkar dafna og þroskast sem keppendur og ná að bæta sig með hverju móti. Nýliðum fer fjölgandi og ávallt er mikil þátttaka í pollaflokka og pollastundir sem boðið er upp á í kringum mótahald. Mikil aðsókn er á vetrarmótin okkar þar sem yngri flokkarnir eru ávallt fjölmennir. Við teljum þau mót vera afar mikilvæg fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppni. Hvað stórmótin varðar þá stóðu Landsmót og Íslandsmót upp úr hjá okkur í yngri flokkum en þar áttum við gríðarlega sterka og áberandi fulltrúa. Hér má sjá stutta upptalningu á því hvernig félagsmenn okkar stóðu sig



LANDSMÓT 2024

Í **Barnaflokki** á Landsmóti fóru fyrir hönd Geysis 10 fulltrúar, 7 þeirra náðu mjög góðum árangri og komust áfram í milliriðla. Af þeim 7 héldu svo 5 áfram beint í A-úrslit og erum við gríðarlega stolt af því að eiga Landsmótssigurvegara í Barnaflokki árið 2024. Allir aðrir áttu persónulega sigra og stóðu sig ekki síður vel.

1. sæti. Viktoría Huld Hannesdóttir og Þinur frá Enni **Landsmótssigurvegara**
2. sæti. Elimar Elvarsson og Salka frá Hólateigi
3. sæti. Linda Guðbjörg Friðriksdóttir og Sjóður frá Kirkjubæ
5. sæti. Jakob Freyr Maagard Ólafsson og Djörfung frá Miðkoti
7. sæti. Aron Einar Ólafsson og Alda frá Skipaskaga



Í *Unglingaflokk* fóru fyrir hönd Geysis 10 fulltrúar. 6 af þeim komust áfram í milliriðla og 2 héldu áfram beint í A-úrslit.

3. sæti. Eik Elvarsdóttir og Blær frá Prestsbakka

8. sæti. Elísabet Vaka Guðmundsdóttir og Birta frá Bakkakoti



Í Ungmennaflokki áttum við 8 fulltrúa. Eftir sérstaka forkeppni fóru 5 áfram í milliriðla. Tveir fóru beint í A-úrslit og einn í B-úrslit.

4. sæti. Kristján Árni Birgisson og Rökkvi frá Hólaborg

7. sæti. Lilja Dögg Ágústsdóttir og Döggin frá Eystra-Fróðholti

9. sæti. Jón Ársæll Bergmann og Heiður frá Eystra-Fróðholti



ÍSLANDSMÓT BARNNA OG UNGLINGA 2024

Íslandsmót barna og unglunga fór fram hjá Hestamannafélaginu Herði. Þar áttu Geysis krakkar góðu gengi að fagna en 6 Íslandsmeistaratitlar komu úr okkar röðum ásamt sigurvegurum í gæðingahluta keppninnar

BARNAFLOKKUR

Barnaflokkur gæðinga

1. sæti Viktoría Huld Hannesdóttir og Þinur frá Enni
2. sæti Jón Guðmundsson og Pabbastelpa frá Ásmundarstöðum

Gæðingatölt barna

3. sæti Aron Einar Ólafsson og Alda frá Skipaskaga
5. sæti Anna Sigríður Erlendsdóttir og Bruni frá Varmá

Gæðingalist

1. sæti Viktoría Huld Hannesdóttir og Þinur frá Enni ***Íslandsmeistarar***

Tölt T3

1. sæti Elimar Elvarsson og Salka frá Hólateigi ***Íslandsmeistarar***
2. sæti Linda Guðbjörg Friðriksdóttir og Áhugi frá Ytra-Dalsgerði
3. sæti Jakob Freyr Maagaard Ólafsson og Djörfung frá Miðkoti

Tölt T4

2. sæti Viktoría Huld Hannesdóttir og Þinur frá Enni

Fjórgangur V2

1. sæti Linda Guðbjörg Friðriksdóttir og Áhugi frá Ytra-Dalsgerði ***Íslandsmeistarar***
2. sæti Elimar Elvarsson og Salka frá Hólateigi
6. sæti Viktoría Huld Hannesdóttir og Steinar frá Stíghúsi

Íslandsmeistari í samarlögðum greinum í Barnaflokki var Viktoría Huld Hannesdóttir

ÍSLANDSMEISTARAR



ADRIR KEPPENDUR SEM STÓÐU SIG VEL



UNGLINGAFLOKKUR

Unglingaflokkur gæðinga

1. sæti Steinunn Lilja Guðnadóttir og Heppni frá Þúfu í Landeyjum
5. sæti Bryndís Anna Gunnarsdóttir og Dreyri frá Hjaltastöðum

Gæðingatölt Unglinga

3. sæti Bryndís Anna Gunnarsdóttir og Dreyri frá Hjaltastöðum
8. sæti. Eyvör Vaka Guðmundsdóttir og Díva frá Bakkakoti.

Gæðingalist

1. sæti. Elísabet Líf Sigvaldadóttir og Fenrir frá Kvistum ***Íslandsmeistarar***

Tölt T1

- 3.-5. Sæti Elísabet Líf Sigvaldadóttir og Goði frá Garðabæ.

Fjörgangur V1

- 1.-2 sæti. Elísabet Líf Sigvaldadóttir og Goði frá Garðabæ

Fimmgangur F2

2. sæti. Dagur Sigurðsson og Skugga-Sveinn frá Þjóðólfshaga

P2 Flugskeið 100m

1. sæti Róbert Darri Edwardsson og Krafla frá Syðri-Rauðalæk ***Íslandsmeistarar***
2. sæti. Dagur Sigurðsson og Tromma frá Skúfslæk

ÍSLANDSMEISTARAR



AÐRIR KEPPENDUR SEM STÓÐU SIG VEL



ÍSLANDSMÓT HJÁ UNGMENNUM

Ungmennaflokkur

Tölt T1

1. sæti Jón ársæll Bergmann og Heiður frá Eystra-Fróðholti *Ísandsmeistarar*

Fjörgangur V1

2. sæti Jón Ársæll Bergmann og Halldóra frá Hólaborg

Skeið 150m

1. sæti Jón Ársæll Bergmann og Rikki frá Stóru-Gröf *Ísandsmeistarar*

100 m skeið

2. sæti Kristján Árni Birgisson og Krafla frá Syðri-Rauðalæk

3. sæti Jón Ársæll Bergmann og Rikki frá Stóru-Gröf

5. sæti. Lilja Dögg Ágústsdóttir og Stanley frá Hlemmiskeiði 3

Fimmgangur F1

1. sæti. Jón Ársæll Bergmann og Harpa frá Höskuldsstöðum *Ísandsmeistarar*

Gæðingaskeið PP1

1. sæti Kristján Árni Birgisson og Súla frá Kanastöðum *Ísandsmeistarar*

2. sæti Lilja Dögg Ágústsdóttir og Stanley frá Hlemmiskeiði 3

ÍSLANDSMEISTARAR



VIÐBURÐIR



UPPSKERUHÁTÍÐ BARNNA OG UNGLINGA 21. JANÚAR 2024

Árðið byrjaði með pompi og prakt þegar við blésum til veislu til þess að fagna uppskeru ársins 2023. Félagsheimilið Hvollinn í Hvolsvelli var leigður út og við buðum börnum okkar og aðstandendum þeirra á hátíðina. Við fengum heimsmeistarana okkar þrjá, Elvar Þormarsson, Söru Sigurbjörnsdóttur og Jón Ársæl Bergmann, til að koma og spjalla við okkur. Þau sögðu okkur skemmtilegar sögur frá yngri árum og auðvitað frá heimsleikunum sjálfum. Að okkar mati heppnaðist hátíðin mjög vel en veitt voru eftirfarandi verðlaun:

Tilnefningar Barnaflokkur

Jakob Freyr Maagaard Ólafsson

Linda Guðbjörg Friðriksdóttir

Eyvör Vaka Guðmundsdóttir

Hákon Þór Kristinsson

Elimar Elvarsson

Fríða Hildur Steinarsdóttir

Róbert Darri Edwardsson

Viktoría Huld Hannesdóttir



Barn ársins - Farandbikar sem veittur er árlega

Eyvör Vaka Guðmundsdóttir

Verðlaunaplatti fyrir Íslandsmeistaratitil

Eyvör Vaka Guðmundsdóttir 1. sæti gæðingakeppni barna

Hvatningarverðlaun - Verðlaun fyrir góðan árangur í keppni.

Róbert Darri Edwardsson

Nýliði ársins – Verðlaun veitt fyrir framúrskarandi árangur á fyrsta keppnisári.

Viktoría Huld Hannesdóttir

Verðlaun fyrir frábæran árangur á stórmóti - Sigur á Fjórðungsmóti Austurlands

Elimar Elvarsson og Urður frá Strandarhjáleigu

Tilnefningar Unglingaflokkur

Eik Elvarsdóttir

Dagur Sigurðsson

Elísabet Líf Sigvaldadóttir

Lilja Dögg Ágústsdóttir

Elísabet Vaka Guðmundsdóttir

Steinunn Lilja Guðnadóttir



Unglingur ársins - Farandbikar sem veittur er árlega

Dagur Sigurðsson

Verðlaunaplatti fyrir Íslandsmeistaratítill

Dagur Sigurðsson og Tromma frá Skúflæk 100 m skeið

Hvatningarverðlaun - Verðlaun fyrir góðann árangur í keppni.

Lilja Dögg Ágústsdóttir og Elísabet Líf Sigvaldadóttir

Tilnefningar Ungmennaflokkur

Anna María Bjarnadóttir

Kristján Árni Birgisson

Jón Ársæll Bergmann


Ungmenni ársins – Farandbikar sem veittur er árlega

Jón Ársæll Bergmann

STÓRSÝNING ÆSKUNNAR

Sýningin er hápunktum félagsins ár hvert og fer fram 1.maí. Sýningin í ár heppnaðist virkilega vel. Um 120 börn komu fram í fjölbreyttum atriðum og sýndu áhorfendum afrakstur vetrarstarfsins. Húsfyllir eða um 500 áhorfendur voru í Rangárhöllinni á sýningunni og sjoppa æskulýðsnefndar hafði vart undan. Sýningin hlaut mikið lof og vex milli ára og sýnir það hvers gríðarlega sterkum taugum hestamennska er bundin í sýslunni.

SVIPMYNDIR FRÁ ÆSKULÝÐSSÝNINGU





FJÖLSKYLDUREIÐTÚRINN

Austvaðsholt–Hrólfstaðahellir- Austvaðsholt

Nefndin undirbjó fjölskyldureiðtúr sem fram fór 26. maí og virkilega vel var mætt í. Riðum við undir dyggri fararstjórn Anítu í Austvaðsholti yfir í Hrólfstaðahelli þar sem móttökurnar voru að vanda góðar. Grillaðar voru pylsur þar sem svangir knapar fengu góðann hádegisverð. Svo var riðið aftur til baka í Austvaðsholt en veðurguðirnir voru afar almennilegir við okkur. Við fengum afar fallegt vor veður og létt var yfir mannskapnum. Um 25 manns mættu til leiks.

SVIPMYNDIR ÚR REIÐTÚRNUM





UMHIRÐA REIÐTYGJA

14. maí hittumst við í reiðhöllinni á Hvolsvelli með Guðmundi söðlasmið í Baldvin og Þorvaldi. Farið var yfir öryggisatriði og umhirðu reiðtygja. Allir komu með sína hnakka og reiðtygi og svo var skrúbbað. Skemmtileg samverustund sem endaði svo með grilluðum pylsum og djús.



ÁRLEGA HESTAFERÐIN AÐ FOSSI

Undanfarin ár hefur Æskulýðsnefnd boðið upp á hestaferð að Fossi á Rangárvöllum og fór hún fram 26. júní í ár. Met þátttaka var í ferðina en 24 börn voru skráð til leiks. Í heildina fóru 30 manns með trúss og fulltrúum nefndarinnar. Við vorum einstaklega heppin með veður en við sluppum alveg við rigningar þótt ótrúlegt megi segjast. Riðið var af stað frá Velli og framundan var Krappinn sem er ein fallegasta reiðleið landsins að okkar mati. Við áðum í Reynifelli og fengum okkur djús og kleinur. Komið var í skála um kl. 16.30, þá var komið sér fyrir og leikið. Grillaðir voru hamborgarar svo var spjallað og spilað fram á nótt. Daginn eftir riðum við svo af stað um hádegi, ferðinni var heitið til byggða og komum við niður Vatnsdalinn og vorum sótt í Fljótshlíðarrétt. Frábær ferð í góðum félagsskap.



LOKAORÐ OG FRAMTÍÐARSÝN

Hestamannafélagið Geysir er gríðarlega stolt af því öflugra starfi sem félagið stendur fyrir og þeim glæsilega árangri sem knapar félagsins ná. Iðkendur hestamennsku eru stöðugt að bæta sig og halda áfram að þroskast sem hestamenn.

Við stöndum gríðarlega vel að því að við búum að gríðarlega góðri aðstöðu sem félagii hefur stutt við uppbyggingu á og mun gera áfram.

Með gríðarlegum stuðningi stjórnar, foreldra, sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og því ötula starfi sem unnið hefur verið síðustu ár horfum við björtum augum til framtíðar. Við viljum stuðla að nýliðun á sama tíma og við styðjum núverandi þátttakendur.

Hestamennskan í Rangárvallasýslu er í miklum vexti.

Áfram Geysir!

Áfram Hestamenn!